

## Foreldraráð Núps - Fundargerð

<b>Fundur nr.:</b>	1 – skólaárið 2017/2018.
<b>Staður:</b>	Núpalind 3
<b>Dagsetning:</b>	4. október 2017.
<b>Tími:</b>	15:30
<b>Fundaritari:</b>	Árdís Ýr Pétursdóttir
<b>Mættir:</b>	Svana Kristinsdóttir, Árdís Ýr Pétursdóttir, Eva Pálsdóttir, Elín Ósk Ómarsdóttir, Björg Rún Óskarsdóttir
<b>Dagskrá:</b>	Verkefni skólaársins og leikskólalóðinn á Núp

Á fyrsta fundi foreldraráðs var byrjað að ræða um hvernig starfsemi foreldraráðsins virkar, starfsreglur foreldraráðsins eru á heimasíðu leikskólans og þar eru einnig þessar fundargerðir settar inn sem og hægt er að sjá fundargerðir síðustu ára. Rætt var um nýja starfsáætlun leikskólans, sem Svana ætlar að senda okkur til yfirlestrar og samþykktar. Við ræddum um leikskólalóðina á Núp en nú ætlar Kópavogsbær að ráðast í það verkefni að laga leikskólalóðina. Þetta er verkefni á vegum Kópavogsbæjar sem heitir *Skemmtilegar Leikskólalóðir* Svana ætlar að senda foreldraráði greinina svo við getum lesið okkur til um verkefnið. Hún benti okkur á að lesa fram að leikskólanum Núp og kaflann sem er sérstaklega um Núp. Einn úr foreldraráði mun síðan sitja á fundum með Svönu og starfsmönnum frá Kópavogsbæ um hvernig á að vinna í að laga lóðina. Árdís Ýr Pétursdóttir bauð sig fram í það verkefni og verða fundirnir líklega um 4.

Rætt var um breytingar og bætingar á matseðlinum á Núp. Það kom meðal annars fyrirspurn um fyrirlestur með Dal um heilsustefnuna sem leikskólarnir vinna nú eftir. Það verður lagt fyrir foreldrafélag hvort Núpur vilji sitja þann fyrirlestur.

Starfsmannamál leikskólans voru rædd. Engar umsóknir hafa borist. Einn starfsmaður hættir 1. Desember og það vantar nokkra starfsmenn á leikskólann. Núna eru einungis 15 börn á Hvammi og 5 börn sem búið er að úthluta bíða eftir að komast á Lund. Starfsmenn leikskólans eru að ná að tækla dagana en undirbúningur kennara situr þá á hakanum. Hlutfall menntaðra leikskólakennara við Núp er ágætt en það eru um 18 starfsmenn leikskólakennarar eða í námi.

Í lok fundar var ákveðið að hittast aftur miðvikudaginn 29. Nóvember kl. 15:30.

Fundi lauk kl. 16.30